3. *Búfjáreftirlitsnefnd.* Bæjarstjórn kýs að afloknum kosningum aðal- og varamann í búfjáreftirlitsnefnd 17. starfssvæðis búfjáreftirlits til fjögurra ára samkvæmt tillögu landbúnaðarráðs, sbr. reglugerð um búfjáreftirlit o.fl. nr. 743/2002.

c. 2. tölul. B-hluta greinarinnar fellur brott og breytist röð töluliða samkvæmt því.

d. 3. tölul. B-hluta (verður 2. tölul.) verður svohljóðandi:
Menningarsjóður Svarfdæla. Bæjarstjórn kýs aðal- og varafulltrúa í Menningarsjóð Svarfdæla samkvæmt samþykktum sjóðsins eins og þær eru hverju sinni.

e. 2. tölul. D-hluta greinarinnar fellur brott.

4. gr.

Við 1. málsl. 1. mgr. 65. gr. bætist: sbr. I. lið 62. gr.

Samþykkt þessi, sem samin er af bæjarstjórn Dalvíkurbyggðar samkvæmt ákvæðum 10. og 25. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 45/1998, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi.

Félagsmálaráðuneytinu, 26. nóvember 2003.

F. h. r.
Guðjón Bragason.

Guðmundur Ómar Hafsteinsson.

Nr. 905 25. nóvember 2003

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð um sérfræðiþjónustu skóla nr. 386/1996.

1. gr.

Síðasti málsliður 1. gr. falli brott.

2. gr.

Við 3. gr. bætist ný málsgrein, er verður 2. mgr., svohljóðandi:
Á fyrstu árum skólagöngu skulu skólar kanna hvaða nemendur eiga í erfiðleikum með lestrarnám eða lestur, bregðast við því með kerfisbundnum hætti og sjá til þess að öll börn fái nauðsynlega aðstoð til að ná viðunandi lestrarfærni. Fylgst skal reglulega með framförum í lestri og brugðist við vanda sem upp kemur jafnóðum allt til loka grunnskólans. Sérfræðiþjónustan skal aðstoða skóla við greiningu lestrarerfiðleika og veita kennurum ráðgjöf um hvernig brugðist skuli við. Hún skal sjá skólum fyrir viðeigandi skimunar- og greiningarprófum.

3. gr.

Í stað síðasta málsliðar 4. gr. komi nýr málsliður svohljóðandi:
Að athugun lokinni gera starfsmenn sérfræðiþjónustu tillögur um viðeigandi meðferð eða úrbætur.

4. gr.

Á undan fyrsta málslið 7. gr. komi nýr málsliður svohljóðandi:
Sveitarstjórn skipuleggur sérfræðiþjónustu skóla og ræður starfsmenn til að sinna henni.

5. gr.

9. gr. orðist svo:

Sveitarfélögum er skylt að gera menntamálaráðuneytinu grein fyrir starfsemi sérfræðiþjónustu skóla í sveitarfélaginu þegar eftir því er leitað. Menntamálaráðuneytið skal á tveggja ára fresti kalla eftir upplýsingum frá sveitarfélögum um lestrarfærni nemenda í einstökum skólum og hvernig brugðist er við vanda þeirra nemenda sem ekki hafa náð viðunandi lestrarfærni.

6. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 42. gr. laga um grunnskóla nr. 66/1995 og öðlast þegar gildi.

Menntamálaráðuneytinu, 25. nóvember 2003.

Tómas Ingi Olrich.

Guðmundur Árnason.

1. desember 2003 Nr. 906

REGLUR

um bindiskyldu.

1. gr.

Gildissvið og skilgreiningar.

Reglur þessar gilda um útreikning og greiðslu bindiskyldu fjármálafyrirtækja (lánastofnana) sem hafa starfsleyfi skv. 1., 2. og 3. tl. 4. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki, á grundvelli sundurliðunarblaðs vegna útreiknings bindiskyldu til tölfræðisviðs Seðlabankans, sbr. 7. gr.

Eftirfarandi skilgreiningar eiga við í 4. og 5. gr. reglnanna:

Innlán: Fjárhæðir sem bindiskyldur aðili skuldar viðskiptavinum aðrar en þær sem tilkomnar eru vegna útgáfu framseljanlegra skuldaskjala.

Innlán með umsömdum binditíma: Óframseljanleg innlán sem ekki er hægt að breyta í laust fé fyrir ákveðinn tíma eða er einungis hægt að breyta í laust fé fyrir þann tíma gegn greiðslu kostnaðar.

Innlán sem eru uppsegjanleg eftir tilkynningu: Óframseljanleg innlán sem ekki hafa umsaminn lánstíma og ekki er hægt að breyta í laust fé nema með tilkynningu sem þarf að berast með tilteknum fyrirvara eða er einungis hægt að breyta í laust fé fyrir þann tíma gegn greiðslu kostnaðar.

Endurhverf viðskipti: Mótvirði reiðufjár sem fengið er gegn skiptum á verðbréfum sem bindiskyldur aðili selur á ákveðnu verði með skuldbindingu um endurkaup á sama (eða svipuðu verðbréfi) á föstu verði á ákveðnum degi í framtíðinni.

Útgefin skuldabréf: Verðbréf önnur en hlutafé eða peningamarkaðsbréf sem gefin eru út af bindiskyldum aðila, og eru framseljanleg og verslað er með á eftirmarkaði eða hægt er að nota til mótvægis á markaði og sem veita eiganda ekki eignarrétt í útgáfustofnun. Meðtalin eru verðbréf (að undanskildum peningamarkaðsbréfum) sem gefa rétthafa óskilyrtan rétt til fastra eða samningsákveðinna tekna í formi afborgna og/eða fastrar fjárhæðar á tilteknum degi (eða dögum) eða hefst á tilteknum degi sem ákveðinn er við útgáfu. Meðtalin eru einnig framseljanleg lán sem eru gefin út í miklum fjölda sams konar skjala og sem er verslað með á skipulögðum markaði (eftirmarkaði).